

Re: Kálfshamarsvík

Búið til	6.3.2023 16:46:06
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.3.2023 16:46:05
Tilheyrir	202302-0053 - Kálfshamarsvík í Skagabyggð, ósk um umsögn v. deiliskipulags

Efni

Re: Kálfshamarsvík

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.3.2023 16:46:05	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bogi.kristinsson@hunathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202302-0053 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Húnaþings vestra, dags. þann 22. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu við Kálfshamarsvík í Skagabyggð.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um tillöguna þann 27. desember 2022. Í umsögninni kom m.a. fram að stofnunin teldi áformaða uppbyggingu bílastæðis og þjónustubyggingar vestan við Kálfshamarstjörn líklega til að valda óþarflega miklu raski einkum þar sem þörf er á uppfyllingu út í Kálfshamarstjörn. Ásýndaráhrif af uppbyggingunni voru einnig talin verða umtalsverð. Náttúrufræðistofnun taldi heppilegra að skoða yrði uppbygging nálægt núverandi bílastæðum suðaustan tjarnarinnar til að hlífa svæðinu við raski og halda sem mest í núverandi ásýnd. Þá var bent á að áform um uppbyggðan göngustíg út á Framnes og framhjá Framnestjörn og austur fyrir Kálfshamarstjörn um Holtin muni valda raski á lítt snortnu gróðurlendi m.a. votlendi og um búsvæði fugla og að almennt væri lítið fjallað um umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem deiliskipulagið fæli í sér.

Breyting hefur nú verið unnin á deiliskipulagstillögunni síðan þá og er hún því endurauglýst. Er sú breyting töluverð því nú er gert ráð fyrir nýjum aðkomuvegi sem mun liggja 500 metra norðan núverandi aðkomuvegi frá Skagavegi. Nýr vegur verður 1,2 km að lengd og er að stærstum hluta utan deiliskipulagssvæðisins. Vætanlega er því þörf á frekari skipulagsbreytingum vegna vegarins. Nýi vegurinn mun liggja að nýju aðkomusvæði þar sem verða allt að 25 almenn bílastæði og 4 rútustæði. Frá bílastæðinu mun liggja göngustígur sem einnig nýtist sem vegur fyrir þjónustubifreiðar að Kálfshamarsvíta. Þjónustubygging er fyrirhuguð vestan við bílastæðin.

Þetta er mikil breyting frá fyrri tillögu þar sem þjónustuhúsið og bílastæðið var áætlað vestan við Kálfshamarstjörn. Til þess þyrfti litla landfyllingu í Kálfshamarstjörn. Þá framkvæmd gagnrýndi Náttúrufræðistofnun en sú tillaga sem hér er kynnt er þó töluvert stórtækari enda ljóst að nýjum aðkomuvegi mun fylgja mikið rask á að mestu óröskuðu gróðurlendi. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er ljóst að stærstur hluti af því gróðurlendi eru votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi. Náttúrufræðistofnun telur algjörlega ómögulegt að réttlæta slíkt rask þegar nothæfur vegur er að Kálfshamarsvík í dag.

Því er mótmælt sem kemur fram í greinargerð deiliskipulagstillögunar að ekki verði neikvæð umhverfisáhrif af framfylgd tillögunnar. Rask á lítt snortnu votlendi á 1,2 km löngum kafla verða að teljast bæði neikvæð og umtalsverð. Náttúrufræðistofnun leggur afdráttarlaust til að hætt verði við áform um nýjan aðkomuveg til að hlífa votlendinu og leitað annarra lausna við uppbyggingu aðkomu- og bílasvæðis með því að nota gamla aðkomuvegin. Mögulega mætti nota það nýja svæði sem lagt er til fyrir staðsetningu bílastæðis og þjónustuhúss en þá með tengingu í gamla aðkomuvegin.

Áform um göngustíga á svæðinu eru að mestu óbreytt og munu einnig valda raski á lítt snortnu gróðurlendi og um búsvæði fugla. Góð hönnun og frágangur og stýring umferðar getur dregið úr mestu neikvæðu áhrifum af stígagerðinni.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Bogi Magnusen Kristinsson" <bogi.kristinsson@hunathing.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Kálfshamarsvík

Date: 22.2.2023 15:37:46

Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabæ

Óskað er eftir umsögn vegna deiliskipulagstillögu við Kálfshamarsvík í Skagabyggð sem samþykkt var hjá sveitarstjórn Skagabyggðar þann 16.02.2023

til endurauglýsingar vegna breytinga frá fyrri tillögu sem auglýst var 15 nóvember 2022

Meðfylgjandi er greinargerð og skipulagsuppdráttur af deiliskipulagstillögunni.

Kær kveðja

Skipulagsfulltrúi Húnaþing vestra,

Húnaþingbyggðar og Skagabyggðar.

Bogi Kristinsson Magnusen

Hvammstangabraut 5

530 Hvammstanga

S: 455-2400